

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/897/EB frá 12. desember 2001 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinnna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE, 70/458/EBE og 92/33/EBE ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/280/EB frá 15. apríl 2002 um breytingu á ákvörðun 98/320/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar að því er varðar sýnatöku og prófanir á fræi samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB frá 12. júní 2002 um tímabundna tilraun að því er tekur til aukningar á hámarksþyngd vörueiningar tiltekinnna fœðurjurtafræja samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 97.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 99, 16.4.2002, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 155, 14.6.2002, bls. 57.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í 15. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/320/EB):

„, eins og henni var breytt með :

- **32002 D 0280:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/280/EB frá 15. apríl 2002 (Stjtið. EB L 99, 16.4.2002, bls. 22).“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við 18. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000):

- „19. **32001 D 0897:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/897/EB frá 12. desember 2001 um skilyrði fyrir samanburðartilraunum og -prófunum á vegum bandalagsins á fræi og fjölgunarefni tiltekinna plantna samkvæmt tilskipunum ráðsins 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 68/193/EBE, 69/208/EBE, 70/458/EBE og 92/33/EBE (Stjtið. EB L 331, 15.12.2001, bls. 97).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilvísanir til annarra gerða í tilskipuninni teljast skipta máli að svo miklu leyti og í því formi sem þær hafa verið felldar inn í samninginn.

20. **32002 D 0454:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/454/EB frá 12. júní 2002 um tímabundna tilraun að því er tekur til aukningar á hámarksþyngd vörueiningar tiltekinna fóðurjurtafræja samkvæmt tilskipun ráðsins 66/401/EBE (Stjtið. EB L 155, 14.6.2002, bls. 57).“

2. gr.

Texti ákvarðana 2001/897/EB, 2002/280/EB og 2002/454/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann